

Sp.

553. Tillaga til þingsályktunar

[313. mál]

um stjórnstöð vegna leitar og björgunar á sjó, landi og í lofti.

Flm.: Árni Johnsen, Salome Þorkelsdóttir, Pétur Sigurðsson,
Egill Jónsson, Valdimar Indriðason, Björn Dagbjartsson,
Sturla Böðvarsson, Birgir Ísl. Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hafist verði nú þegar handa um stofnun stjórnstöðvar sem opin sé allan sólarhringinn til leitar og björgunar á sjó, landi og í lofti.

Stjórnstöðin skal vera í tengslum við aðalstöðvar Landhelgisgæslunnar á Reykjavíkurlugvelli eða flugmálastjórnar og skal lúta framkvæmdastjórn fulltrúa frá eftirtöldum aðilum: Slysavarnafélagi Íslands, Landhelgisgæslunni, flugmálastjórn, Landssambandi hjálparveita skáta og Landssambandi flugbjörgunarsveita.

Jafnframt skal hafa skipulegt samráð og samstarf við aðrar björgunarsveitir og opinberar stofnanir sem sinna öryggismálum.

Fulltrúar allra þeirra, sem björgunarmálum sinna, tilnefni menn í björgunarráð sem verði ráðgefandi og stefnumarkandi fyrir framkvæmdastjórn og hittist eigi sjaldnar en ársfjórðungslega, svo og ávallt eftir miklar björgunaraðgerðir, til þess að bera saman bækur. Björgunarráð skal jafnframt samræma æfingar þeirra sem starfa að björgunarmálum.

Peir fulltrúar, sem sæti eiga í framkvæmdastjórn, skulu hafa aðstöðu í stjórnstöð.

Rekstur stjórnstöðvar greiðist úr ríkissjóði og skal samgönguráðherra skipa formann framkvæmdastjórnar og varaformann.

G r e i n a r g e r ð .

Um langt árabíll hefur borið á misklíð milli þeirra sem sinna því mikilvæga hlutverki að bregðast við þegar hættu ber að höndum, ýmist á sjó, landi eða í lofti. Ósjaldan hafa björgunarmenn borið hverjir aðra þungum sökum þegar ágreiningsefni hafa komið upp og því miður hefur orðið misbrestur á því að þeir bæru saman bækur sínar í einlægni og samræmdu aðgerðir á neyðarstundum.

Í raun er það svo að Íslendingar eru vart hlutgengir í samstarfi við aðrar þjóðir í þessum efnum vegna þess að hér á landi er engin viðunandi stjórnstöð. Við höfum hins vegar alla möguleika á því að setja upp stjórnstöð sem getur verið fyrirmynd annarra þjóða um leit og björgun.

Ákveðin verkefnaskipting hefur skapast í stórum dráttum hjá þeim sem sinna björgunarmálum í landinu. Hjálparveitir skáta, flugbjörgunarsveitir og björgunarsveitir SVFÍ hafa sinnt björgunarstörfum inni á landinu. SVFÍ hefur sinnt umfangsmestu starfi á strandlengjunni og Landhelgisgæslan og flugmálastjórn á úthafinu og flugmálastjórn yfir landinu. Með sameiginlegri stjórnstöð helstu aðila, sem flutningsmenn telja rétt að lúti sérstakri framkvæmdastjórn sem sé skipuð til fjögurra ára í senn, ætti að vera unnt að ná mun markvissari stjórn og árangursríkari við björgunaraðgerðir. Þá færi ekkert á milli mála að allir væru með um leið og kall kemur og unnt væri að miða aðgerðir við bestu kosti án tafar.

Nú er neyðarþjónusta í höndum allmargra og svo hlýtur að verða áfram en í stjórnstöð má nýta í neyðartilvikum allt það besta sem tengst hefur starfi fyrrgreindra aðila við sjóslys, flugslys eða slys á mönnum fjarri byggðum. Það er í raun sama hver hefur yfirstjórn eða

ábyrgð, í okkar landi er alltaf verið að nota sömu tækin og sama mannaflann. Þeir sem hafa vakt allan sólarhringinn eru m.a. Slysavarnafélag Íslands, flugmálastjórn, slökkviliðið í Reykjavík, slökkviliðið á Reykjavíkurlflugvelli, lögreglan, Landhelgisgæslan og Almanna- varnir. Flestir hafa vakt með beinu sambandi en aðrir með símsvara. Í sameiginlegri stjórnstöð væri unnt að hlusta stöðugt á neyðarbylgju, hafa beint samband við flugmála- stjórn um ferðir flugvéla, beint samband við Tilkynningarskylduna um ferðir skipa og beint samband við alla þá sem hugsanlega þyrfti að leita til í sambandi við skyndilega leit og björgun og má þar nefna samskipti við erlendar björgunar- og stjórnstöðvar.

Um langt árabil hefur mikil samkeppni átt sér stað milli þeirra sem sinna björgunarmál- um og það er af hinu góða á meðan það er ekki á kostnað öryggis. Gagnrýni hefur þó oft komið upp og það er t.d. erfiðara fyrir Slysavarnafélag Íslands að fá á sig gagnrýni en til að mynda flugmálastjórn því að stærstur hluti af rekstri SVFÍ er háður framlögum fólks en ríkisstofnunin fær sitt fé á fjárlögum hvort sem menn eru ásáttir um að það sé nóg eða ekki. Það er einnig jafnljóst að starfsemi sjálfstæðu hjálpar- og björgunarveitanna er ómetanleg landsmönnum öllum og það sterka kerfi, sem björgunarveitirnar hafa byggt upp, er marg- falt meira virði en margur hyggur og augljóst að ríkisvaldið gæti ekki staðið undir öllum þeim kostnaði sem til félli ef öll vinna þúsunda sjálfboðaliða og fjárfesting þeirra væri reikn- uð inn í dæmið.

Það er höfudatriði að sú björgunarstarfsemi, sem byggð hefur verið upp af áhuga- mönnum um allt land, fái að njóta sín sem sjálfstæðar einingar. Með því að beina kröftum að einu marki þegar neyð stæðjar að og aðgerðir þola enga bið og tengja saman í eina aðalstjórnstöð þá þræði, sem ráða úrslitum um árangur við leit eða björgun, væri stigið mikið framfaraspor sem mundi í senn auðvelda leitar- og björgunarstarf og auka öryggi þeirra sem hjálpar þurfa að njóta á neyðarstund.

Leitar- og björgunarskipulag er fyrst og fremst í þágu þeirra sem bjarga á en jafnframt í þágu þeirra sem bjarga. Starf björgunarmanna er göfug hugsjón, en leitar- og björgunarstörf eru ekki eingöngu hugsjón þegar til alvörunnar kemur, heldur leggst þar á eitt, faglegt mat, sérhæfð skipulagning, fjölbætt tækni og mannleg þekking til úrlausnar á verkefnum.